



STARFSMAANAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

1. tbl. 46. árg. jan. 2011

- Fjárlögin 2011
- Gott að vita námskeið
- Það þarf afburðafólk til að lifa á lægstu töxtum





Leiðari

Strax eftir hrun var talað um að hjálpa heimilunum, börnunum o.s.frv.

Það var talað um að verja störf, að verja velferðarkerfið. Þær raddir hafa ekki hljóðnað alls staðar, en það er eins og ekki sé hlustað, allavega ekki framkvæmt.

Það molnar undan stöðum samfélagsins, heimilunum, því undirstaða þjóðar er ekki ríkið, ekki sveitarfélög og ekki fyrirtæki. Það eru einstaklingar og heimili. Ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og stéttarfélög eru verkfæri sem notuð eru, eins og hamarinn er verkfæri smíðsins. Þetta þurfa allir sem koma að uppbyggingunni að hafa í huga, en ég óttast að svo sé ekki alltaf.

Hækkanir og hækkanir ofan á það.

Á sama tíma og launþegar standa frammi fyrir hreinum launalækkunum, atvinnumissi og minnkun starfshlutfalls, standa þeir frammi fyrir hækkanum á öllum liðum heimilisins. Lán, matvörur og bensín hækkar, nauðþurftir hækka bæði vegna gengis og skattahækkana. Það sorglega er að þessir óbeinu skattar hækka vísitölu lána, þannig að þótt fólk t.d. hafi ekki ráð á að reka bíl, þá tekur það þátt í þeirri kostnaðarhækkun í gegnum lánin.

Halda þeir sem standa við stjórnvölinn að vasar almennings/launþega séu óendanlega djúpir?

Þessir aðilar verða að gera sér grein fyrir því að nú er svo komið að það er ekki aðeins verið að skerða núverandi kjör, heldur einnig að brjóta niður vinnusíðferði til langs tíma. Það er verið að brjóta niður almennt síðferði og traust.

Minnkandi starfshlutfall.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að eitt af forgangsattriðum vinnuveitenda sé að verja störf. En þegar við horfum upp á með hvaða hætti það er gert, þá renna á okkur tvær grímur. Ef aðferðafræðin er sú að keyra niður starfshlutfall þannig að starfsmenn geta hvorki lifað né dáið, verða að velja milli nauðþurfta eða að borga af lánum sínum, þ.e.a.s. borða eða að tapa heimilinu, þá er ég ekki lengur viss. Hvort er betra að missa vinnuna og hefja leit að annarri eða að vera settur í 70 – 80% vinnuhlutfall til framtíðar. Ekki er líklegt að aðilar geti fundið viðbótavinnu upp á 20 – 30%.

Og dapurlegast við þetta er að í mörgum tilfellum er betra að fara í 70% en 80% vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um atvinnuleysisbætur er varða minnkað starfshlutfall.

Það urðu tímamót.

Við erum þannig gerð að við viljum tengja atburði við tímamót og skilgreina hvað gerðist fyrir og eftir ákveðinn atburð. Þegar ég var að alast upp var talað um fyrir og eftir seinni heimsstyrjöld. Nú er talað um fyrir og eftir hrun og er þá miðað við bankahrunið haustið 2008.

Frá þeim tíma hefur margt ruglið verið í gangi. Fyrst var allt gert til þess að bjarga verðmætum, var það örugglega gert af góðum hug, en hverju var bjargað? Það orkar örugglega tvímælis og mótast af skoðun og sýn þeirra sem mestu réðu. Síðan þá hefur framhaldið mótast af því hvernig á að byggja upp. Alveg örugglega er það líka gert af góðum hug, en byggist á lífssýn þeirra sem um það véla.

FRÉTTABRÉF

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Dagný Guðmundsdóttir, Jón Ingi

Hilmarsson, Jónína Óskarsdóttir, Ragnhildur Helga-
dóttir og Stefán Pálsson.

Umbrot: Blátt strik ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Blátt strik ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir S. Sverrisson

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakobína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Ingvaldur Jónsdóttir þjónustufulltrúi

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Guðrún Arnadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Jónas Engilbertsson - gjaldkeri

Ása Hauksdóttir

Ingjalður Eiddsson

Ingvaldur Jónsdóttir

Jón Bergvinsson

Jón Ingi Hilmarsson

Sigrún Helga Jónsdóttir

Þórdís Björk Sigurgestsdóttir

Ármann Pétursson

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

gardar@strv.bsrb.is

gudrun.arnad@reykjavik.is

gudridur.sigurbjornsdottir@reykjavik.is

j.engilberts@gmail.com

asa@hitthusid.is

ingjaldur.eidsson@or.is

ingo@grundaskoli.is

jon.bergvinsson@reykjavik.is

jhilmars@landspitali.is

shj@foldaskoli.is

thordis@faxafloahafnir.is

aheyrnarfulltr. eftirlaunahóps

Í þessari stöðu er hætt við að viljinn til vinnu sem Íslendingar eru svo stoltir af minnki, allavega hjá þeim sem hafa staðið vaktina á lægstu laununum.

Það byrjaði sem hagræðing, en er nú niðurskurður.

Það eru flestir hættir að tala um hagræðingu sem betur fer, því ljóst er að það sem nú er boðað er hreinn og klár niðurskurður og þar allof langt gengið og mun verða til tjóns til

langs tíma. Það virðist vera að í mörgum tilfellum sé ætlunin að skera niður launakostnað án þess að skera niður þjónustu og til þess ætlast að framlag starfsmanns minnki ekki þótt framlag atvinnurekandans minnki. Það mun ekki ganga til lengdar.

Í þessu umhverfi.

Þetta er það umhverfi sem launþegar eiga að gera kjarasamninga um, og það er jafnvel lagt til í alvöru að gera samninga til þriggja

ára, í þessari fullkomnu óvissu. Ég er þeirrar skoðunar að við séum að nálgast þölmörk og að launþegar telji sig ekki lengur hafa neinu að tapa.

Hvar erum við þá stödd?

*Garðar Hilmarsson,
formaður St.Rv.*

Það þarf afburðafólk til að lifa á lægstu töxtum



Fyrir mörgum árum sló ég því fram, bæði í gamni og alvöru, að heimilisfræði ætti að vera grunnfagið í skólanum og síðan kæmu öll fög út frá því. Þá var ég í námi og átti lítil börn. Mér fannst það reyna ansi mikið á alla mína þekkingu og færni að reka heimili með lítil aurarád.

Helst hefðum við hjónin þurft að vera hagræðingar, endurskoðendur, næringarfæðingar, uppeldisfræðingar, læknar, iðnaðarmenn og margt fleira.

Það er flókið og krefjandi verkefni að reka heimili og það reynir enn þá meira á ef fjárráðin eru lítil. Stundum horfi ég á fólk og hugsa: Hvernig fara þau að þessu? Hvernig tekst þeim þetta? Það þarf gífurlega hæfni og marksækni til að lifa á lágum launum eða bótum og stundum dugar það ekki til.

Hvaða lán er best að taka til að kaupa íbúð

eða borgar sig ekki að kaupa íbúð? Ef ekki er hægt að borga alla reikningana um mánaðamót, hvaða reikningar verða þá að vera í forgangi? Hvernig á að haga matarinnkaupum og eldamennsku þannig að matarreikningurinn sé sem lægstur en börnin fá samt hollan og góðan mat? Hvað á að leyfa börnunum þannig að ýtt sé undir gæfu og gjörvileika? Læknisþjónusta og lyf eru dýr, það þarf að meta það hvenær er nauðsynlegt að leita til læknis. Hvað er hægt að gera til að fyrirbyggja tannskemmdir og sjúkdóma? Ef þarf að endurnýja hluti, hvenær borgar sig þá að kaupa notað, hvenær er skynsamlegast að safna lengur og kaupa vandað sem endist betur og hvenær er gott að kaupa ódýra hluti? Við þurftum að kunna að meðhöndla fót þannig að þau séu falleg og endist lengur og að gera við þau þegar þau slitna. Vita hvenær við getum gert við hlutina sjálf og hvenær er nauðsynlegt að kalla á iðnaðarmann. Nú á tímum þarf helst að vera tölvuséni á hverju heimili og þetta er bara brot af því sem glíma þarf við í daglegu lífi. Ekki er auðveldara þegar það er bara einn aðili sem stendur í þessari glímu.

Þrautabraitir og allskyns þrautaleikir eru vinælir. Þessi þrautabrait að reka heimili getur verið mjög skemmtileg en er oft ansi strembin. Fólk er ekki alltaf í stakk búíð eða býr ekki við þær aðstæður að komast hjálparlaust í gegnum verkefni. Það er ekki hægt að ætlast til þess að öllum takist þetta alltaf hjálparlaust. Hvað er hægt að gera til að styðja við fólk? Ekki þarf alltaf mikið til stundum þarf bara smá stuðning á einstaka

sviðum. Mér fannst skemmtileg lausn hjá konunni sem sagðist byrja hver mánaðamót á því að borga reikningana og skipti síðan afganginum í fjögur umslög, því þá vissi hún hvert ráðstöfunarfé hennar var fyrir hverja viku. Er hægt að bjóða þeim sem vilja þá þjónustu að fólk fái ráðstöfunarfé fyrir hverja viku en ekki hvern mánuð? Er hægt að koma upp ráðgjafarþjónustu þar sem fólk getur endurgjaldslaust fengið ráðgjöf um fjármál, innkaup, barnaupplæddi, eldamennsku, viðgerðir, læknisþjónustu o.fl.? Hver ætti að standa að þessari ráðgjöf? Það væri allavega gott að byrja á því að taka saman þá ráðgjöf sem er fyrir hendi og upplýsa fólk um hana.

Ég tel að fólk sem getur lifað af á lægstu laununum sé afburðafólk og það er engin skömm að, þó það takist ekki alltaf en þá er líka mikilvægt að leita sér stuðnings og ráðgjafar.

Berjumst fyrir launum sem duga til framfærslu og styttri vinnuviku, þannig að við höfum tíma og orku til að standa okkur vel.

*Baráttukveðjur,
Dagný Guðmundsdóttir.*



Fjárlögin 2011

Hilmar Ögmundsson hagfræðingur BSRB fjallar um fjárlög(frumvarp) 2011

Samkvæmt upphafalegu fjárlagafrumvarpi næsta árs, sem byggðist á þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júní 2010, var gert ráð fyrir 477,4 milljarða tekjum sem er 15,5 milljarða tekjuaukning miðað við 2010. Ríkisútgjöld voru áætluð 513,8 milljarðar, sem er 47 milljarða króna niðurskurður miðað við 2010. Af helstu liðum frumvarpsins má nefna 2,9 milljarða niðurskurð til atvinnutryggingarsjóðs, 2,9 milljarða til heilbrigðismála, 2,9 milljarða til menntamála, 1 milljarð í fæðingarorlofsjóð, 900 milljónir í barnabætur og 270 milljónir í vaxtabætur. Einnig má nefna að áætlað var að lækka vaxtagjöld um 19 milljarða. Ekki var gert ráð fyrir launahækkunum starfsmanna ríkisins á næsta ári í forsendum frumvarpsins. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir verðlagshækkunum á grunnfjárhæðum bóta-kerfa eins og lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum, barnabótum, vaxtabótum og fæðingarorlofsgreiðslum.

Endurskoðað fjárlagafrumvarp var samþykkt 16. desember síðastliðinn. Í endurskoðaðri tekjuáætlun, sem byggist á þjóðhagsspá frá nóvember 2011, er gert ráð fyrir 472,4 milljörðum kr. í tekjur, sem er 5 milljarða kr. lækkun frá frumvarpinu.

Endurskoðuð hagvaxtarspá Hagstofunnar frá

nóvember 2010 skýrist aðallega af frestun framkvæmda við stóriðju í Helguvík. Að öðru leyti eru ekki veigamikil frávik frá fyrri spá. Gert er ráð fyrir að einkaneysla vaxi um 2,6% í stað 3,4%, samdráttur samneyslunnar verði um 4,3% í stað 3,8%, að atvinnuleysi verði um 7,3% í stað 8,3% og að verðbólga verði um 2,3% í stað 3,5%. Miklum afgangi á vöru- og þjónustuviðskiptum er áfram spáð en mikillar óvissu gætir varðandi ýmsa þætti eins og uppbyggingu stóriðju, alþjóðlega efnahagsþróun, úrlausn á skuldavanda heimila og fyrirtækja og kjarasamninga.

Með nýrri hagvaxtarspá má áætla að tekjuginn 2011 verði veikari en áður var gert ráð fyrir. Þó gera fjárlög 2011 ráð fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna haldist nánast óbreyttur vegna minna atvinnuleysis og lægri verðbólgu. Það muni því dempa fallið í tekjum ríkisins. Af breytingum á gjöldum ríkissjóðs frá frumvarpi má nefna hækkun vaxtabóta og sérstakra tímabundinna vaxtaniðurgreiðslna upp á rúma 7 milljarða, framlag til fæðingarorlofsjóðs hækkar um 1 milljarð, sem er tæplega 100 milljón króna hækkun miðað við fjárlög 2010. Framlag til atvinnuleysistryggingarsjóðs er skorið niður um 2 milljarða umfram þann tæplega 3 milljarða niðurskurð sem var boðaður í frumvarpinu. Þetta er rökstutt með minnkandi atvinnuleysi samkvæmt nýrri þjóðhagsspá. Þó ber að nefna að spá um minnkandi atvinnuleysi er mjög óviss. Því til rökstuðnings má nefna að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu árið 2011 einn og sér getur kostað í kringum 600 störf.

Heildarjöfnuður í fjárlögum 2011 verður neikvæður sem nemur 37,3 milljörðum kr. sem er 1,3 milljörðum kr. meiri halli en í fyrstu gerð frumvarpsins.

Margt bendir hins vegar til þess að forsendur fjárlaga 2011 eigi ekki eftir að breyta. Hagvaxtarspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að einkaneysla standi undir þeim litla hagvexti sem spáð er á næsta ári. Það eru margir óvissuþættir varðandi einkaneyslu á næsta ári. Neysla fólks getur fyrst og fremst aukist ef ráðstöfunartekjur aukast. Þó getur neysla aukist ef heimili eyða uppsöfnuðum sparnaði. Það hefur hins vegar áhrif á framtíðarneyslu. Skuldsetning heimilanna gerir það að verkum að auka þarf sparnað á kostnað neyslu á næstu árum.

Það er hins vegar margt annað sem mælir gegn því að neysla aukist. Í því skyni má nefna að bætur munu standa í stað á meðan hin ýmsu gjöld hækka um 4%, persónuafsláttur verður frystur, uppsagnir hjá ríkinu vegna niðurskurðar og að ekki er gert ráð fyrir hækkunum á launum opinberra starfsmanna. Þrátt fyrir gjaldhækkanir er gert ráð fyrir því í fjárlögum næsta árs að sala á bensíni og olíu aukist. Einnig má nefna að íslenskir neytendur hafa ekki verið svartsýnni í rúmt ár samkvæmt væntingarvísitölu Gallup í október 2010. Því má vænta að framlag einkaneyslu til hagvaxtar verði takmarkað.

Leiðréttingar á skuldum heimilanna svo og útgreiðsla séreignarsparnaðar gætu haft jákvæð áhrif á einkaneyslu og þar með hagvöxt. Einnig gætu lægri verðbólga og styrkara gengi haft jákvæð áhrif. Það eru þó of miklir óvissuþættir hvað þetta varðar til að staðhæfa nokkuð.

Það er því mikið undir fyrir ríkissjóð að efnahagsspár gangi eftir þar sem hvert viðbótarstig hagvaxtar léttir á niðurskurðarþrýstingnum.

Tilkynning til félagsmanna við starfslok

Félagsmenn sem nálgast starfslok og fara á lífeyri en vilja vera áfram félagsmenn í St.Rv. þurfa að tilkynna það til félagsins svo ganga megi frá skráningu þeirra í deild lífeyrisþega. Það tryggir þeim áfram aðgang að ýmissi þjónustu félagsins og upplýsingum. Þeir fá Fréttabréfið áfram sent til sín. Ennfremur aðgang að námskeiðum, sem félagið stendur fyrir,

aðgang að orlofshúsum félagsins og öðrum tilboðum, sem orlofssjóðurinn hefur fram að færa. Dæmi um það eru gistinguhúsnæði á Edduhótel og Fosshótel og flugávisanir frá Iceland Express. Hægt er að tilkynna í síma: 525-8330 - á netfang: strv@bsrb.is - eða í pósti: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.

Samræmdar reglur fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar

Í samkomulagi um framlengingu og breytingar á kjarasamningi með gildistíma frá 1. nóvember 2008 var gerð svohljóðandi bókun: Skipaður verði starfshópur sem fari yfir fyrirkomulag sí- og endurmenntunar og framtíðarsýn í þeim málum. Skal þessi hópur koma með tillögur um hvernig viðbótarmenntun starfsmanna með fag- og iðnmenntun skuli metin til samræmis við gr. 1.3.2.4. Einnig tillögur um fyrirkomulag á námi meðfram starfi. Í framhaldi af þeirri vinnu leggi starfshópurinn fram tillögur til starfskjaranefndar um skipan námskeiðsnefnda sem fjalli um símenntun og starfsþróun félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn hefi störf eigi síðar en 1. febrúar 2009 og ljúki störfum eigi síðar en 31. mars 2009.

Nefndin með þremur fulltrúum frá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og þremur frá Reykjavíkurborg vann vel saman og kom með tillögur í þremur liðum, um tillögur að mati á menntun sem starfsmenn hafa umfram kröfur, sem gerðar eru til menntunar samkvæmt starfsmati, viðmið eða vinnureglur um leyfi og sveigjanleika vegna náms samhliða starfi og um starfsþróunarnefnd.

Þessar þrjár tillögur, hefur verið fjallað um í Starfskjaranefnd, sem fjallar um kjaramál á milli samninga. Reykjavíkurborg hefur ekki verið tilbúin að ganga að tillögum varðandi mat á umfram menntun félagsmanna, Starfsþróunarnefnd hefur verið skipuð en hefur ekki hafið störf enn sem komið er. Reykjavíkurborg vildi nýta tillögur hópsins um leyfi og sveigjanleika vegna náms samhliða starfi fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar en ekki aðeins félaga í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og töldu fulltrúar félagsins það ekkert nema jákvætt, enda farið í þetta starf til þess að auka jafnræði og gagnsæi gagnvart starfsmönnum.

Leiðbeiningar um leyfi og sveigjanleika vegna náms samhliða starfi hjá Reykjavíkurborg

Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar er kveðið á um að starfsmenn skuli „leitast við að laga sig að þeim kröfum sem starf gerir til þeirra, svo sem vegna tæknilegrar og faglegrar þróunar og vera reiðubúnir að þjálfa sig til nýrra starfa.“ Þess er jafnframt getið að starfsþróun sé á ábyrgð bæði starfsmanns og yfirmanns og henni sé sinnt m.a. með þátttöku starfsmanns í starfsþróunarsamtölum og símenntun. Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa ýmsar leiðir til að auka starfshæfni sína og faglegra þekkingu, m.a. með þátttöku í námskeiðum eða viðameira námi. Þegar um það síðarnefnda er að ræða eru þrjár leiðir færar: Stunda nám í launuðu námsleyfi, í launalaus leyfi eða með auknum sveigjanleika í starfi, sem gerir starfsmanni kleift að sækja kennslustundir og próf á vinnutíma.

Eftirtalin viðmið gilda hjá Reykjavíkurborg um þetta:

1. Launað námsleyfi

Launað námsleyfi vegna náms samhliða starfi getur stjórnandi í samráði við starfsmannastjóra sviðs veitt skv. heimildum í kjarasamningi (sjá t.d. gr. 12.3.2 í kjarasamningi St.Rv., um viðmið

um lengd námsleyfis). Umsókn um námsleyfi er gerð á sérstakt eyðublað sem Mannauðsskrifstofa gefur út (sjá Innri vef/ verkfærakista /eyðublað). Stjórnandi getur samþykkt umsóknina í samræmi við heimildarákvæði, fjárheimildir og aðstæður á vinnustað. Með umsókn um námsleyfi þarf að fylgja greinargerð, sbr. leiðbeiningar á umsóknareyðublaði. Samþykktá umsókn skal jafnframt senda til launadeildar og skrá leyfið í Vinnustund.

2. Launalaust leyfi

Launalaust leyfi vegna náms samhliða starfi er heimilt að veita skv. reglum Reykjavíkurborgar (sjá Innri vef /upplýsingabrunnur/ mannauður /starfsþróun). Gera skal skriflegt samkomulag um leyfið þar sem fram kemur lengd leyfis og hvernig því verði háttáð. Tilkynning um það berist launadeild, auk þess sem skrá þarf leyfið í Vinnustund.

3. Sveigjanleiki í starfi

Heimilt er að koma til móts við starfsmann, sem hyggst stunda nám samhliða starfi, með auknum sveigjanleika, hafi hann starfað samfleytt hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. tvö ár. Gera skal skriflegt samkomulag um sveigjanleika í starfi vegna náms, þar sem fram kemur hvernig sveigjanleika skuli háttáð og hvernig skil verða á vinnuskyldu það tímabil, sem námið stendur yfir. Samkomulagið skal senda til launadeildar og haft til hliðsjónar við skil á vinnuskyldu.

Við veitingu námsleyfa eða sveigjanleika í starfi vegna náms skal horft til eftirfarandi þátta:

- Að námið nýtist í starfi.
- Að námið styðji við stefnu og meginmarkmið vinnustaðar.

Ef velja þarf milli umsókna sem uppfylla framangreind skilyrði skal styðjast við eftirfarandi þætti:

- Að breytt verkefni eða staða umsækjanda geri kröfu um aukna þekkingu og færni.
- Að umsækjandi hafi sýnt metnað og árangur í starfi að mati næsta yfirmanns.
- Starfsaldur umsækjenda

Áréttað er að námsleyfi og viðmið um sveigjanleika í starfi vegna náms eru heimildarákvæði og skal veiting leyfis og sveigjanleika taka mið af ákvæðum kjarasamnings og fjárhagsstöðu vinnustaðar hverju sinni.

Reykjavík, 22. október 2010

Hallur Páll Jónsson
mannauðsstjóri

Gott að vita! Námsk

á vegum St.Rv.

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrána. Stefnan er að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðu eða skrifstofu félagsins:

- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.), www.strv.is, sími 525-8330

Ljósmyndun og stafræn vinnsla – LITLAR vélar

Tími: Þriðjudaga 8., 15. og 22. feb., kl. 16:30-19:30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson, ljósmyndari.

Lýsing:

Á námskeiðinu verður farið í helstu stillingar á vélinni og kennd undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndataekni auk almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.). Gefin verða góð ráð hvernig á að setja myndir í tölvu, senda myndir í tölvupósti og prenta út, auk þess að skipuleggja mynd safn og geyma myndir. - Ath. Æskilegt er að þátttakendur hafi meðferðis stafræna myndavél og að hún sé fullhlaðin.

Bridgenámskeið

Tími: Fim. 10., 17., 24., 31. mars og 7. apríl kl. 19:30-22.

Lengd: 12,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Guðmundur Páll Arnarson.

NÝTT

Lýsing:

Flestir þekkja ás frá kóng, en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir neinni kunnáttu. Farið er hægt og rólega yfir grunnsagnirnar í Standard-kerfinu. Allir geta lært að spila bridge, en það tekur svolítinn tíma í upphafi að átta sig á öllum leikreglum. Það er fólk á öllum aldri sem sækir bridgenámskeið og ekkert mál að mæta stakur/stök. Allir eru á sama báti.

Kryddjurtir – ræktun kryddjurta og notkun þeirra í matseld

Tími: Fimmtudagur 16. feb. kl. 17-18:30.

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Auður I. Ottesen, garðyrkjufraeðingur og ritstjóri tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn.

Sent út í fjarfundi, nánar kynnt síðar.

Lýsing:

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu tegundir kryddjurta sem ræktaðar eru utandyra, í eldhúsglugganum eða undir

ljósi. Hvernig ræktun þeirra er háttað, um sáningu þeirra, forræktun og gróðursetningu. Fjallað um jarðveg, áburðargjöf og umhirðu, gefinn gaumur að helstu meindýrum og sjúkdómum sem herja á jurtirnar og hvernig best er að verjast þeim. Farið yfir ræktun þeirra og hvað þarf að gera til að ná góðri uppskeru. Læra að þekkja kryddjurtirnar og um nýtingu þeirra, geymsluaðferðir og möguleikana í matseld. Með námskeiðsgögnunum fylgja gómsætar uppskriftir þar sem kryddið nýtur sín vel.

Keið og fyrirlestrar

og SFR - Vorönn 2011

Þrjónanámskeið – Lopapeysa frá A-Ö

Tími: Þri. 22. feb., 1., 15., 22. mars og 5. apríl,

kl. 17:30-21:00

Lengd: 17,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Hulda Hákonardóttir, markaðs- og kynningarstjóri Ístex.

Lýsing:

Þátttakendur læra að þrjóna lopapeysu. Farið er yfir

mismunandi aðferðir við uppfittjun, kennt að lykkja saman undir höndum og ýmislegt fleira sem nauðsynlegt er að kunna varðandi fallegan frágang á þrjónaflík. Fyrir námskeiðið er boðið upp á aðstoð við val á uppskrift og litum. Námskeiðið er ætlað bæði byrjendum sem lengra komnum - eða öllum þeim sem hafa brennandi áhuga á að þrjóna lopapeysu og læra góðan frágang. Ekki er nauðsynlegt að vera flinkur!

Ljósmyndun og stafræn vinnsla – FRAMHALD

Tími: Þriðjudaga 1., 8. og 15. mars, kl. 16:30-19:30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson ljósmyndari.

Lýsing:

Farið verður í helstu stilingar á myndavélinni og bent á ýmsar aðferðir við að ná betri myndum.

Nemendur fá myndatökuverkefni og fara í stutta

gönguferð í nágrenninu, þar sem þeir taka myndir undir leiðsögn leiðbeinanda.

Á síðasta kvöldinu verða myndirnar skoðaðar og þær gagnrýndar.

(Þetta námskeið hentar sérstaklega þeim sem hafa komið á grunn námskeið.)

Ath. Æskilegt að þátttakendur hafi meðferðis stafræna myndavél og að hún sé fullhlaðin og með tómt minniskort.

Fluguhnýtingar

Tími: 28. feb., 1., 2. og 7. mars kl. 19:30-22:00.

Lengd: 10 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 3. hæð.

Leiðbeinandi: Sigurður Pálsson

Lýsing:

Á námskeiðinu verður farið í allar helstu aðferðir við það að hnýta veiðiflugur bæði laxaflugur og silungsflugur. Allt efni er til staðar á námskeiðinu og innfallið.

Myndvinnslukennsla á Photoshop, Picasa og Movie Maker – Akranesi

Tími: Fim. 10. og 17. Mars Kl. 17:30 – 20:30

Lengd: 6 klst.

Staður: Suðurgötu 62, Akranesi

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson ljósmyndari.

Lýsing:

Farið verður í grunnatriðin í Photoshop og kennd á hin ýmsu tól í þessu öfluga myndvinnsluforriti.

Picasa (sem er frítt forrit) verður kynnt og sýnt hvað hægt er að gera í því.

(fyrir PC tölvur)

Einnig verður sýnd notkun á Movie Maker forritinu (sem er innbyggt í allar PC tölvur)

Æskilegt er að nemendur mæti með fartölvu, en það er þó ekki nauðsynlegt.

MYND

Jóga – byrjendanámskeið í Kundalini jóga

Tími: Mán. 28. feb., 7., 14., 21., 28. mars, 4. og 18. apríl og mið. 13. apríl kl. 20:30-22.

Lengd: 12 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Jóhanna Þórdórsdóttir, kundalini jóga-kennari.

NÝTT

Lýsing:

Kundalini jóga byggir á öndunaræfingum, jógastöðum, möntrum, hugleiðslu og slökun.

Það vinnur að því að styrkja ónæmiskerfið, koma jafnvægi á innri starfsemi eins og meltingu og taugakerfi, auka einbeitingu og vellíðan. Kundalini jóga hentar bæði byrjendum og jógaíðkendum sem hafa reynslu af öðrum tegundum jóga.

Skattframtal

Tími: Mið. 16. mars kl. 16.30-19.

Lengd: 2,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson, frá Ríkisskattstjóra.

Sent út í fjarfundi, nánar kynnt síðar.

Lýsing:

Markmiðið er að þátttakendur öðlist færni í að fylla út skattframtal á netinu. Jafnframt verða veittar upplýsingar um þann rétt til frádráttar, afsláttar og bóta sem þeir eiga samkvæmt lögum.

Samskiptastílar

Tími: Mið. 9. feb. kl. 17-20.

Lengd: 3 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Eyþór Eðvarðsson, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

Lýsing:

Öll erum við einstök en samt svo lík. Munurinn sem er á okkur veldur því m.a. að okkur gengur misjafnlega að ná til sumra en annarra. Lykilatriði er að skilja hvernig við höfum samskipti. Það auðveldar öll samskipti að vita

hvernig fólk hegðar sér og af hverju það gerir það sem það gerir. Ein þekktasta aðferðin til greiningar á samskiptastílum er byggð á kenningu Carl Gustaf Jung um sálfræðilegar týpur. En sú kenning gefur innsýn í hegðun og samskiptamáta fólks. Gerður er greinarmunur á 16 sálfræðilegum týpum. Þekking á þessum eðlislæga mismun milli einstaklinga opnar nýjar víddir í samskiptum og eykur árangur í samskiptum.

Á námskeiðinu svara þátttakendur stuttum spurningalista, fluttur er fyrirlestur um kenninguna og farið er í æfingar sem draga fram mismuninn milli einstaklinganna. Samskipti við vinnufélaga, ættingja, maka og viðskiptavini verða aldrei eins eftir þetta námskeið.

Að takast á við sjálfan sig – hugræn atferlismeðferð

Tími: Fimmtud. 17. feb. kl. 16:30-19:30

Lengd: 3 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Björn Harðarson, sálfræðingur

Lýsing:

Farið verður yfir grunnþætti í Hugrænni atferlismeðferð. Tengsl hugsana, tilfinninga og hegðunar, hvernig það

NÝTT

getur haft áhrif á líðan bæði almennt, dagsdaglega og þegar fólk er með einkenni svo sem, kvíða depurðar, reiði o.s.f.v.

Björn er sálfræðingur sem hefur starfað í 13 ár við meðferð auk kennslu og handleiðslu. Hann hefur að auki tveggja ára nám í hugrænni atferlismeðferð sem og 2 ára nám í handleiðslu annarra við notkun á hugrænni atferlismeðferð.

Íslenskar bókmenntir síðustu ára

Tími: Fim. 17., 24., 31. mars og 7. apríl milli kl. 17-19

Lengd: 8 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur

NÝTT

Lýsing:

Úlfhildur leggur áherslu á stefnur og strauma í bókmenntum síðasta áratugar og þá sérstaklega síðustu árin. Farið verður yfir kreppubókmenntir, glæpasögur, ljóð og menningararfinn. Fjögur verk verða lesin á tímabilinu.

Visit Scotland

Tími: Þri. 8., 15. og 22. feb. kl. 17-19.

Lengd: 3 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Mica Allan.



Lýsing:

Námskeiðið fer fram á ensku. Mica fjallar um sögu og menningu Skotlands. Einnig kemur hún inn á hvaða staði

er spennandi að heimsækja ef fólk hefur hug á að ferðast til Skotlands. Stuðst er við verkefnavinnu í hópum á námskeiðinu, skoðuð myndasöfn og skemmtilegar spurningakeppnir af netinu. Kjörið tækifæri að æfa enskuna um leið og maður fær að kynnst aðeins nágrönnunum í Skotlandi. Eftir námskeiðið geta svo þátttakendur komið vinum á óvart með nýjum upplýsingum um „allt skoskt“.

Að vera eða ekki vera hamingjusamur....

Tími: Mið. 6. apríl kl. 17-18:30.

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.



Sent út í fjarfundi, nánar kynnt síðar.

Lýsing:

Gífurlegur áhugi er kviknaður á hamingjunni en útgáfa bóka um hamingju hefur áttatíu faldast á aðeins átta árum, úr 50 í 4000. Vinsælustu námskeiðin í Harvard

háskóla eru um jákvæða sálfræði, og að minnsta kosti 100 aðrir háskólar í heiminum bjóða sambærilegt nám. Það er semsagt allt að verða vitlaust yfir hamingjunni. En hvernig á að skilgreina hamingjuna? Gagnlegasta skilgreiningin – og sú sem taugasérfræðingar, geðlæknar, jákvæðnis-álfræðingar og búddamunkar geta sameinast um – er meira í áttina við ánægju eða það að vera sáttur en „hamingjusamur“ í þeim skilningi að maður springi af kæti. Í fyrirlestrinum verður farið í það sem rannsóknir hafa fært okkur um hamingjuna og dregið fram hvað megi gera svo öðlast megi þetta eftirsóttu hugarástand.

Réttindi og skyldur....

Tími: Fim. 3. mars kl. 17-18.

Lengd: 3 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB



Lýsing:

Lögfræðingur BSRB mun fara yfir ýmis réttindi félagsmanna sem helst reynir á þegar hagræða þarf í rekstri stofnana og fyrirtækja. Farið verður yfir réttindi starfsmanns við uppsögn, skerðingu starfshlutfalls, uppsögn á fastri yfirvinnu, akstursgreiðslum og fleira.

Réttlæti og sáttagjörð

Tími: Fim. 10. mars kl. 16:30-19.

Lengd: 2.5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Ævar Kjartansson, útvarpsmaður með meiru.



Lýsing:

Reynt verður að færa rök fyrir því að sættir takist ekki í íslensku samfélagi nema lágmarks réttlæti verði fullnægt. Í fyrirlestrinum verður síðan velt upp spurningunni: Þarf að breyta stjórnskipan eða stjórnámálameningu landsmanna til þess að atburðir síðustu ára endurtaki sig ekki?

Að lesa úr launaseðli....

Tími: Þri. 12. apríl kl. 17-18.

Lengd: 1 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Guðrún H. Sveinsdóttir, verkefnastjóri kjarasviðs SFR, og Halldór S. Gunnarsson, verkefnisstjóri á kjarasviði St.Rv.

Lýsing:

Farið verður yfir hefðbundinn launaseðil og þær upplýsingar sem birtast á honum. Meðal annars hvernig laun, skattar, orlofsfé og yfirvinna er reiknuð.

Hádegisfróðleikur

Netnotkun og netöryggi barna

Tími: Fim. 24. feb. kl. 12:00-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Ragnheiður E. Guðmundsdóttir.

NÝTT

Sent út í fjarfundi, nánar kynnt síðar.

Lýsing:

Á fyrirlestrinum verður fjallað um það hvernig hægt sé að nýta tölvubúnað til þess að stjórna netnotkun yngri fjölskyldumeðlima. Farið verður yfir hvað ungir krakkar og unglingar eru að skoða á netinu í dag og ber helst að varast. Þátttakendum gefst kostur á að spyrja um vandamál sem koma upp í þeirra fjölskyldulífi og tölvunotkun.

Endurskoðun á Stjórnarskrá Íslands

Tími: Fim. 24. mars kl. 12-12:50

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Ragnhildur Helgadóttir lagaprófessor.

NÝTT

Lýsing:

Í fyrirlestrinum fjallar Ragnhildur um endurskoðun á stjórnarskránni, en í mars verður stjórnlagabíngið komið á fullt og spennandi að rýna í stöðu mála. Tími verður gefinn fyrir spurningar og svör.

Sveiflast með tíðarandanum: Auglýsingar og jafnrétti

Tími: Fim. 28. apríl kl. 12:00-12:50

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Fyrirlesari: Katrín Anna Guðmundsdóttir.

NÝTT

Lýsing:

Birtingarmyndir kynjanna í auglýsingum hafa löngum verið gagnrýndar. Í dag einkennist umræðan af hugtökum á borð við klám- og kynlífsvæðingu, hlutgeringu og staðalmyndir. Í erindinu, sem byggt er á MA ritgerð í kynjafræði fjallar Katrín Anna um niðurstöður viðtala við auglýsinga- og markaðsfólk ásamt því að greina birtingarmyndir karla og kvenna í auglýsingum út frá hugmyndum um jafnrétti kynjanna.



Styrktarsjóður BSRB

Fæðingarstyrkur

Sjóðfélagi sem hefur verið starfandi síðustu 6 mánuði fyrir fæðingu barns og hefur gildan ráðningarsamning við upphaf fæðingarorlofs á rétt á styrk. Styrkurinn miðast við starfshlutfall að lágmarki 25%. Styrkurinn er 170.000 kr. miðað við fullt starf. Styrkurinn er tvöfaldur við fleirburafæðingu. Sömu reglur gilda um ættleiðingar barna yngri en 5 ára.

Hálfur styrkur er greiddur vegna fósturláts eftir 18 vikur og andvanafæðingar. Staðgreiðsla er dregin af styrknum. Umsókn þarf að hafa borist innan 18 mánaða frá fæðingu barns. Fylgigögn: Skila þarf umsóknareyðublaði, fæðingarvottorði útgefna af Þjóðskrá og vottorði launagreiðanda um ráðningarkjör, sem vinnuveitandi fyllir út.

BSRB fundaði með ráðherrum



Framkvæmdanefnd BSRB fundaði 26. janúar sl. með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra. Þar var farið yfir þau verkefni, sem aðildarfélögin hafa falið BSRB að berjast fyrir og falla beint undir verksvið ráðherra, svo sem málefni Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna, að unnið verði að þeirri framtíðarsýn

að vinnuvikan verði 36 stundir og að staðið verði við gefin loforð um hækkun persónuafsláttar.

Þá var einnig farið yfir önnur áherslumál BSRB og ber þar hæst að nefna tillögur bandalagsins um að koma á fót nýju kerfi á leigumarkaði að danskri fyrirmynd og hvernig hægt væri að ná raunverulegu launajafnrétti á Íslandi. Málefni Virk - starfsendurhæfingarsjóðs og fullorðinsfræðslu bar einnig á góma.

BSRB lýsti enn á ný yfir vilja sínum til samstarfs um þann almenna efnahagsvanda sem þjóðin nú glímur við, en ítrekaði um leið að bandalagið er ekki reiðubúið til þátttöku í umræðum um sjávarútvegsstefnu, stóriðjuframkvæmdir eða aðrar einstakar stórfamkvæmdir.

Ítrekað skal að samningsrétturinn er hjá aðildarfélögum BSRB. Framkvæmdanefnd var hins vegar falið að kynna ráðamönnum þau sameiginlegu verkefni sem bandalagið berst fyrir.

Fjölskylduvæn stefna

BSRB berst fyrir styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir í dagvinnu til að skapa fjölskylduvænna vinnuumhverfi. Þetta er á meðal þeirra verkefna sem aðildarfélögin hafa falið bandalaginu að berjast fyrir, ásamt með lífeyrismálum, því að tryggja framlög í Mannauðspott og að réttur til hlutaveikinda verði viðurkenndur, svo eitthvað sé nefnt. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir í samtali við Fréttablaðið nýlega að með styttri vinnuviku skapist fjölskylduvænna samfélag.

„Þegar við fórum síðast fram með þetta mál, fyrir einum sex árum, var viðkvæðið að hér

vantaði svo mikið vinnuafli til að reka þetta samfélag okkar að við værum að flytja inn fólk. Nú er ekki vöntun á fólk til starfa heldur þvert á móti og því teljum við að það sé lag,“ segir Elín Björg, í frétt Fréttablaðsins og bætir við: „Með þessu værum við að færa okkur í átt til þess sem gerist á hinum Norðurlöndunum.“

Á 42. þingi BSRB var sérstaklega ályktað um styttingu vinnuvikunnar, bæði undir kafla um kjaramál og eins um jafnréttismál. Í kjaramálaflaunum segir: "Stytta ber vinnuvikuna í dagvinnu í 36 stundir." Í kaflanum

um jafnréttismál segir: "Áfram verður að vinna að fjölskylduvænni vinnumenningu. Lykillinn að henni er fyrirsjáanlegur, styttri vinnutími og sveigjanlegri."

Framkvæmdanefnd BSRB hefur að undanförunni verið að funda með samninganefndum ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sitt í hvoru lagi. Þar voru nefndunum kynntar þau sameiginlegu verkefni sem aðildarfélögin fólu BSRB að fara með í kjarasamningaviðræðum. Þar ber lífeyrismálin hæst.

Sparidagar eldri borgara

Hótel Örki í samvinnu við St.Rv. er með tilboð til deildar eftirlaunahóps dagana 6-11. mars 2011 í tilraunarskyni.


Um er að ræða fimm sólarhringa dvöl á hótelinu og boðið er upp á dagskrá alla daga frá morgni til miðnætis. Dagskrárstjórn verður á hendi hins reynda stjórnanda, Gunnars Þorlákssonar. Verð fyrir þessa daga er 32.000 kr í tveggja manna herbergi (9.000 kr. aukalega í einstaklingsherbergi) og innifalið í því verði er eftirfarandi:

Gisting í tveggja manna herbergi, morgunverðarhlaðborð, þriggja rétta kvöldverður alla dagana, fjölbreytt dagskrá frá morgni til miðnætis þar sem meðal annars er létt morgunhreyfing,

danskennsla, bingó með veglegum vinningum, gönguferðir, skoðunarferðir, félagsvist, leikrit, kvöldvökur og dansleikir. Dvalargestir munu leggja til skemmtiefni og góðir gestir koma í heimsókn.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar á frátekni 18 herbergi þessa daga, tekið er við pöntunum á skrifstofu félagsins í síma 525-8330.

Fyrstir koma fyrstir fá!



Áframhald á námskeiðum fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn

Trúnaðarmannanámið samanstendur af 7 þrepa námskeiðum sem eru ýmist 2 eða 3 dagar. Námið í heild sinni er metið til 10 eininga á framhaldsskólastigi en er fyrst og fremst ómetanlegur styrkur fyrir fulltrúa og trúnaðarmenn úti á vinnustöðum.

Félagsmálaskóli alþýðu í samvinnu við BSRB sér um námskeiðin fyrir trúnaðarmenn. Skráning er á heimasíðu BSRB www.bsrb.is
Námsþættir námsskrár á trúnaðarmannanámskeiði I – samtals 81 kest. Prep – 1 – 4.

Prep 1 Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Kynning Trúnaðarmaðurinn – starfs hans og staða	Trúnaðarmaðurinn – starfs hans og staða	Samskipti á vinnustað
	Eftir hádegi 13.00 -16.00	Trúnaðarmaðurinn – starfs hans og staða	Samskipti á vinnustað Samantekt og mat á námi og námsleið
Prep 2 Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Starfsemi stéttarfélagsins - kjarasamningar	Vinnuréttur	
	Eftir hádegi 13.00 -16.00	Starfsemi stéttarfélagsins - kjarasamningar	Vinnuréttur Samantekt og mat á námi og námsleið
Prep 3 Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Launaseðlar og launaútreikningar	Hagfræði	Að standa upp og tala
	Eftir hádegi 13.00 -16.00	Starfsendurhæfing - hugmyndafræði, framkvæmd og árangur	Að standa upp og tala Samantekt og mat á námi og námsleið
Prep 4 Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Samskipti á vinnustað	Stjórnunarstílar og leiðtogar (val)	
	Eftir hádegi 13.00 -16.00	Samskipti á vinnustað	Einelti á vinnustað (val) Samantekt og mat á námi og námsleið

Námsþættir námsskrár á trúnaðarmannanámskeiði II – samtals 61 kest. Prep – 5 – 7.

Prep 5 Fyrir hádegi 09.00 -12.00	Kynning Skipulögð vinnubrögð	Samningatækni	Samtalstækni og íhlutun
	Eftir hádegi 13.00 -16.00	Skipulögð vinnubrögð	Samtalstækni og íhlutun Samantekt og mat á námi og námsleið

Prep 6 Fyrir hádegi 09.00 -12.00 Eftir hádegi 13.00 -16.00 Samningatækni	Vinnueftirlit - vinnuvernd	Hnattvæðing – erlendir starfsmenn (Val)
	Vinnueftirlit - vinnuvernd	Starfsmat og stofnanasamningar Samtalstækni og íhlutun Samantekt og mat á námi og námsleið

Prep 7 Fyrir hádegi 09.00 -12.00 Eftir hádegi 13.00 -16.00	Kynninga á náms- og starfsráðgjöf	Færnimappa talsmannsins
	Færnimappa talsmannsins	Færnimappa talsmannsins Samantekt og mat á námi og námsleið

Vel heppnað jólaball



Mikil gleði ríkti í Gullhömrum á jólaballi félagsins sem var haldið í samvinnu við SFR stéttarfélag. Hátt í fjögur hundruð manns voru mætt þrúðbúnir og skemmtu sér vel undir músík frá hljómsveit staðarins. Glæsilegar veitingar voru bornar fram á hlaðborð sem gestum líkaði vel. Jólasveinarnir Skyrgámur og Kjötkrókur heimsóttu gesti og gáfu börnum góðgæti að skilnaði við mikinn fögnuð ungu kynslóðarinnar.



Nýr orlofsvefur opnaður

Nú hefur nýr orlofsvefur verið tekinn í gagn og er það von okkar að það muni auðvelda félagsmönnum að bóka sig í orlofshús og íbúðir félagsins.

Þeir félagsmenn sem ekki nota kreditkort þurfa að hafa samband við skrifstofu til þess að ganga frá pöntun.

Við minnum á að þú finnur félaganúmer/lykilorð á félagsskírteini sem sent var félagsmönnum með Fréttabréfi í desember sl.

Umsóknir um orlofshús um páska og Andrésar Andarleikanna á Akureyri

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í orlofshús og íbúðir félagsins um páska á netinu.

Leigutími um páska er 18.–25. apríl 2011.



Á sama tíma verður í fyrsta sinn tekið við umsóknum um þrjár orlofsíbúðir á Akureyri vegna Andrésar Andarleikanna. Leigutíminn er 26. apríl – 1. maí 2011.

Úthlutað verður samkvæmt punktakerfi, sem er á lokavinnslustigi og verður úthlutun lokið um mánaðamótin febrúar/mars.

Ef félagsmenn hafa ekki aðgang að tölvu, munu starfsmenn skrifstofu aðstoða félagsmenn við umsóknir í síma 525-8330.

Launakönnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Ákvörðun var tekin í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar að taka þátt í launakönnun nú á vorönn. Capasent framkvæmir könnunina, sem er unnin með sama hætti og í samvinnu við SFR –stéttarfélag og VR. Úrtakið í könnuninni eru allir félagsmenn sem eru í 50% starfi eða meira. Þannig að félagsmenn mega eiga von á því að fá símtal frá Capasent á næstunni. Það verður áhugavert að fá viðmiðun við launasetningi þessarra tveggja félaga sem eru með félagsmenn sem sinna í mörgum tilfellum sambærilegum störfum og félagsmenn eru í innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

	Frístund krossgátu- blað (c)	FYRIR- VARA	ENDUR- TEKID		LJÓSA TÁ	UMBÚÐ- IRNAR	FREN- JAST		SIGI	STILLT- UR
	ÞVÍ- LIKUR			SAURGA SÍLS				RYK- KORN		
	STJÓR- INN							HÆGD FEGN- ARA		
	ERFID				GÆLU- NAFN HYLKI			1		
	HLAÐA						HER ETJA			
	LÍKA			28,35 GRÖMM AKVEG					KRINGT HLJÓÐ STUTT- RAR	
	SPJALL GÖNGU- TÍMA JARÐAR						INNYFLI ASKANA			
		PÍP- UNNAR	SKJÓL	STANS- AÐ HNOÐA		Ó- SANNAN MERÐ				GRÓÐ- ANN
KURTEISI						VILLTUR LAND- GANGAR	2			
STÉTTAR					DURG KAMPUR			SIG NOKKUR		
SNASL				KÖLSKA SJÁÐU				ATVIKS- ORÐ FRUM- EFNI		
SK.ST. TITILS			TRÉS ÆDIR		TÆPRI SEMJI					
BÍL- TEGUND				MAGA VERK- FALL			SLÍTA KONU		SK.ST. ATTAR BORD- HALDINU	
STJÓRN- HNAPP- UR					AFKIMI OKUR- VERÐ			GÆFA RYKS		
	EGG KAMAR			MIS- DÖKK HRIFSAÐ			PÓ SNEYÐIR			VIÐ- RÆÐA
SVIKA					TRÉ TÍMGI		3		LÉN ÁKAFA	
VERK- FÆRI			EYÐANDI HÖFUÐ- BÓL					SVIÐ KLINGJA		
SÉRISL. STAFUR		HÁRLIT GALNI			FEY PURR- UÐ BLOÐ			BELJAKA BASSA- LYKILL	4	
DÁLÍTID				SORT PAPÍRUS- BÁTUR		LEGU- BEKKUR Á FLUG- VÉL				Í PÍPU- LOGNUM HLJÓÐA
TÆKI					SNÆDD TÖLU- TAKN			SLIT ÞÚSUND		
AGAÐI						AF- HENDING	5			

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.
Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.
Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 15. febrúar 2011.
Lausn má senda á skrifstofu eða í tölvupósti strv@bsr.is



námsvísir

er kominn út!

Símenntun – opnar nýjar leiðir

Nýr námsvísir Fræðslusetursins Starfsmenntar vorið 2011 er kominn út þar sem sjá má fjölbreytt úrval starfstengdra námsleiða og margskonar mannauðsþjónustu fyrir opinbera starfsmenn.

Símenntun og ráðgjöf á vegum Starfsmenntar er án endurgjalds fyrir flesta félagsmenn stéttarféлага BSRB, sem hluti af samningsbundnum réttindum þeirra til starfsþróunar.

Starfsmennt býður upp á

- Starfstengdar námsleiðir fyrir stofnanir
- Þverfagleg námskeið opin öllum
- Ráðgjafa að láni til stofnana
- Náms- og starfsráðgjöf
- Fjarkennt tölvanám
- Farandfyrirlestra



www.smennt.is